

Ed.

548. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 73 31. des. 1937, um gjaldeyrisverzlun o. fl.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Gjaldeyris- og innflutningsnefnd skal skipuð fimm mönnum, sem ríkisstjórnin skipar. Skal einn þeirra skipaður samkvæmt tilnefningu bankastjóra Landsbanka Íslands, einn samkvæmt tilnefningu bankastjóra Útvegsbanka Íslands h/f og þrír af ríkisstjórninni án tilnefningar, og sé einn þeirra formaður og framkvæmdarstjóri nefndarinnar. Ef nefndarmaður forfallast, skipar ríkisstjórnin varamann um stundarsakir eftir sömu reglum og aðalmenn eru skipaðir.

Ennfremur skal ríkisstjórnin skipa þriggja manna nefnd, er nefnist vörumiðlunarnefnd, einn eftir tilnefningu Sambands íslenskra samvinnufélaga, annan eftir tilnefningu Verzlunarráðs Íslands og þann þriðja án tilnefningar, og sé hann formaður nefndarinnar. Nefnd þessi skal ákveða, hvernig skipta skuli milli innflytjenda innflutningi þeim, sem gjaldeyris- og innflutningsnefnd heimilar af búsaðöldum, skófatnaði, vefnaðarvörum og byggingarefni, að undanskildu því efni, sem ætlað er til þeirra opinberra framkvæmda og atvinnutækja, sem sérstök innflutningsleyfi eru gefin fyrir. Ríkisstjórnin setur nefndinni reglur um það, á hvern hátt hún skuli haga störfum sínum, og ákveður nánar verksvið hennar.

Til þess að standast kostnað við störf nefndanna skulu allir þeir, sem innflutningsleyfi fá, greiða 2% — tvo af þúsundi — af upphæð þeirri, sem leyfið hljóðar um, en þó eigi minna en 50 aura fyrir hvert einstakt leyfi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.